


# *Salieri og samtímamenn*

*Diddú og Drengirnir*



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 9. ágúst 2022 kl. 20:30

Sópransöngkonan **Sigrún Hjálmtýsdóttir** – **Diddú** – byrjaði feril sinn á sviði dægurtónlistar með Spilverki Þjóðanna en hóf síðar sígilt söngnám hjá Rut Magnússon við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þaðan lá leið hennar til Lundúna þar sem hún nam hjá Laura Sarti við Guildhall School of Music and Drama og útskrifaðist 1984. Hún fór til Ítalíu í framhaldsnám hjá Rina Malatrasi og opnuðust þar vegir hennar inn í óperuheiminn.

Sigrún hefur tekið þátt í margvíslegum uppfærslum og sýningum, jafnt á sviði sem og í kvikmyndum og ber það fjölbreyttum hæfileikum hennar glöggt vitni. Fyrsta óperuhlutverk hennar var í Þjóðleikhúsinu sem brúðan *Ólympia* í óperettunni *Ævintýri Hoffmanns* eftir Offenbach. Hlutverk hennar hjá Íslensku óperunni eru fjölmörg og má þar nefna *Súsönnu* í *Brúðkaupi Fígarós*, *Gildu* í *Rigoletto*, *Næturdrottninguna* og *Papagenu* í *Töfraflautunni*, *Luciu* í *Lucia di Lammermoor*, *Violettu* í *La Traviata*, *Rósalindu* í *Leðurblökunni*, *Adina* í *Ástardrykknum*, *Kæðu* í *Le Pays*, *Helmwige*, *Waldvogel* og *Freyju* í *Niflungahringnum*. Sigrún hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og saman hafa þau hljóðritað fimm diska, en alls mun hún hafa sungið inn á rúmlega 100 plötur og hljómdiska af hinum ýmsu tónlistarstílum.

Sigrún hefur ferðast víða um heim og sungið, meðal annars í Skandinavíu, Bretlandi, Frakklandi, Tékklandi, Austurríki, Ítalíu, Balkanlöndunum, Rússlandi, Kína, Japan, Bandaríkjunum og Kanada.

Hún söng eftirminnilega tónleika með José Carreras í Laugardalshöll 2001 og sté á stökk með Plácido Domingo ásamt Ólafi Kjartani Sigurðarsyni árið 2005. Framundan eru ærin verkefni og spennandi, hér á Fróni og erlendis.

# Efnisskrá

## *Wolfgang A. Mozart*

1756 – 1791

Fyrsti þáttur – Allegro úr Serenötu K. 375

Konzert aría, Vado, ma dove K. 583\*\*

Menúett II úr Serenötu K. 375

*Deh vieni non tardar* söngles og aría Súsönnu  
úr óperunni Brúðkaup Figarós K. 492\*\*

## *Atli Heimir Sveinsson*

1938 – 2019

Úr Jónasarlögum:

Dalvísa\*\*

Smávinir fagrir\*\*

## *Joseph Haydn*

1732 – 1809

Aria verndarengilsins úr leikritinu  
*Alfred konungur Engilsaxa*, Hob.XXX:5

## *Antonio Salieri*

1750 – 1825

Armonia per un Tempio della Notte

Misera abbandonata Kavatína Palmíru úr óperunni  
*Palmira regina di Persia*

*D'un dolce amor* Aría Ófelíu  
úr óperunni *La grotta di Trofonio*\*

\* útsetning: Kjartan Óskarsson

\*\* útsetning: Sigurður Snorrason

Tónlistarhópurinn **Diddú og Drengirnir** er skipaður Sig-rúnu ásamt blásarasextett skipuðum hljóðfæraleikurum sem allir hafa leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands um lengri eða skemmri tíma. Þeir eru klarínnettuleikararnir **Sig-urður Snorrason** og **Kjartan Óskarsson**, hornleikararnir **Joseph Ognibene** og **Porkell Jólsson** og fagottleikararnir **Brjann Ingason** og **Snorri Heimisson**. Þessi hópur hefur starfað saman óslitið síðan 1997 og hefur til dæmis árlega haldið aðventutónleika í Mosfellskirkju. Þau hafa gefið út tvo geisladiska, haldið tónleika víða um land sem og í Winnipeg, Gimli, London, Veróna, Vínarborg, Haarlem, Strasbourg og víðar í Alsace- héraði Frakklands. Þetta er í fyrsta sinn sem þau halda opinbera tónleika í Reykjavík.

Soprano **Sigrún Hjálmtýsdóttir – Diddú** – was born in Reykjavík. Her impressive artistic talent and warm-hearted stage presence, first as a pop star and then as a leading opera singer, have earned her the acclaim of critics and audiences alike.

After singing with the popular group Spilverk Þjóðanna, Sigrún started her classical music studies in Iceland and then with Laura Sarti at the Guildhall School of Music and Drama in London, graduating with the AGSM-diploma in 1984. She furthered her studies in Italy with Rina Malatrasi in Milan, where she also took part in singing contests and came through with flying colors.

Sigrún's diverse talents shine in stage and theater performance, as well as on television and movie screens. She made her opera debut as Olympia in *The Tales of Hoffmann* at the National Theater in Iceland. Other leading roles followed such as Susanna in *Marriage of Figaro*, Gilda in *Rigoletto*, Queen of the Night in *The Magic Flute*, Lucia in *Lucia di Lammermoor*, Violetta in *La Traviata*, Adina in *L'elisir d'amore*, Rosalinde in *Die Fledermaus*, Kaethe in *Le Pays*, Freia and Helmwige in *The Nibelung's Ring*. She has performed, e.g. in Scandinavia, U.S.A., Canada, China, Japan, Baltic States, Britain, France, Italy, Germany, Austria, and recorded over 100 Lp's and CD's, including ballads, light songs and operas. In 2001 she appeared in a concert with José Carreras and in 2005 with Plácido Domingo.

Sigrún is accompanied by a wind sextet as **Diddú og Drengirnir** (Diddú and the Boys). The members of the sextet are clarinet players **Sigurður Snorrason** and **Kjartan Óskarsson**, horn players **Joseph Ognibene** and **Porkell Jólsson** and bassoon players **Brjánn Ingason** and **Snorri Heimisson**. All of them have played with the Iceland Symphony Orchestra for a longer or shorter period of time.

Since 1997 they have given annual Advent Concert in the Mosfellskirkja parish church, performed widely around Iceland, as well as in Winnipeg, Gimli, London, Verona, Vienna, Haarlem, Strasbourg and elsewhere in the Alsace region of France. Two CDs with their performance have been released.